

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 9/2020

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1845 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir bis(2-etylhexyl)þalat (DEHP) í tilteknum gúmmíhlutum sem eru notaðir í hreyflakerfum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1846 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni sem er notað í tiltekna brunahreyfla, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 L 1845:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1845 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 283, 5.11.2019, bls. 38),

– **32019 L 1846:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1846 frá 8. ágúst 2019 (Stjtið. ESB L 283, 5.11.2019, bls. 41).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar tilskipana (ESB) 2019/1845 og (ESB) 2019/1846, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 283, 5.11.2019, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 283, 5.11.2019, bls. 41.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.